

SKÝRSLA STJÓRNAR HÍN fyrir starfsárið 2024, flutt á aðalfundi í nóvember 2025

Aðalfundur fyrir starfsárið 2023 var haldinn 3. júní 2024 í húsakynnum Hafrannsóknastofnunar og í fjarfundabúnaði. Einar Pétur Jónsson var fundarstjóri og María Helga Guðmundsdóttir var fundarritari.

Fundargerð aðalfundarins er að finna á vefsíðu félagsins

<https://hin.is/um-felagid/fundargerdir/>

SKIPUN STJÓRNAR

Kjörtímabil Bryndísar Guðrúnar Róbertsdóttur og Benedikts Traustasonar rann út á árinu og gáfu þau bæði kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetur. Anna Ólafsdóttir gaf ekki kost á sér áfram og einn félagsmaður, Guðrún Óskarsdóttir, bauð sig fram í hennar stað.

Kosning til stjórnar fór þannig: Bryndís Guðrún Róbertsdóttir og Benedikt Traustason voru endurkjörin og Guðrún Óskarsdóttir gróðurvistfræðingur hjá Náttúrustofu Austurlands var kjörin félagsvörður.

Fráfarandi og sitjandi stjórnarmönnum var þakkað kærlega fyrir þeirra framlag til félagsins og að gefa sér tíma til áframhaldandi trúnaðarstarfa.

Stjórn var þannig skipuð að loknum aðalfundi og skipti með sér verkum:

- Sölvi Rúnar Vignisson, formaður,
- Sveinn Kári Valdimarsson, varaformaður,
- María Helga Guðmundsdóttir, ritari,
- Bryndís Guðrún Róbertsdóttir, gjaldkeri,
- Guðrún Óskarsdóttir, félagsvörður,
- Einar Pétur Jónsson, fræðslustjóri,
- Benedikt Traustason, vefstjóri.

Skoðunarmenn reikninga voru þeir Sveinbjörn Egill Björnsson og Steinþór Níelsson en þeir buðu sig fram til endurkjörs og voru kjörnir til tveggja ára.

Á árinu voru haldnir 4 reglulegir stjórnarfundir en auk þess voru haldnir nokkrir óformlegir fundir stjórnar, eða hluta stjórnar vegna sérstakra mála eftir því sem þörf var á. Fundir formanns og ritstjóra Náttúrufræðingsins voru 5 á árinu. Þá var einn óformlegur fundur með formanni NMSÍ um stöðu fjármála tengdum Náttúrufræðingnum.

FÉLAGSMENN

Í félaginu voru 1023 í árslok 2024. Í félagið gengu 22 á árinu 2023, 23 sögðu sig úr félaginu og 11 félagsmenn létust.

NÁTTÚRUFRAEÐINGURINN

Útgáfa tímaritsins Náttúrufræðingsins er samstarfsverkefni Hins íslenska náttúrufræðifélags og Náttúruminjasafns Íslands, samkvæmt samningi frá árinu 2014 sem var endurnýjaður árið 2021. Greiðir hvor aðili helming heildarútgáfukostnaðar og laun ritstjóra sem er á launaskrá safnsins.

Ritstjóri var Margrét Rósa Jochumsdóttir en starfsstöð ritstjóra er í húsnæði Náttúruminjasafns Íslands að Bygggöörðum 12, sem jafnframt er lögheimili HÍN.

Margrét vann að hefðbundinni útgáfu tímaritsins jafnframt því að vinna að vefriti þess. Lestur vefritsins hefur aukist jafnt og þétt ásamt því að Facebook-síða var stofnuð í mars 2024. Ritstjóri sér um þessa anga miðlunar ásamt hefðbundnum ritstjórastörfum. Ritstjóri sér um öll samskipti við ritstjórn og er ábyrgur fyrir því að tímaritið komi út á réttum tíma og að í því sé efni sem uppfyllir [ritstjórnarstefnu](#) tímaritsins.

Á árinu 2024 komu út tvö blöð (fjögur hefti) af 94. árgangi tímaritsins. Fyrra blaðið kom út í júlí og var 82 bls, en síðara blaðið kom út í desember og var 79 bls og var þar vinsælust grein um eldvirkni á Reykjanesskaganum skrifuð af Ríkey Júlíusdóttur, Bergrúnu Örne Óladóttur, Magnúsi Tuma Guðmundssyni, Birgi Vilhelm Óskarssyni, Sydney Gunnarsson, Joaquín Muñoz-Cobo Belart, Gro B. M. Pedersen, Ragnari Heiðari Þrastarsyni, Ástu Rut Hjartardóttur og Michelle M. Parks. Bestu þakkir til ritstjórnar og ritstjóra fyrir að koma þessum glæsilegu blöðum út á árinu.

RITSTJÓRN NÁTTÚRUFRAEÐINGSINS

Ritstjórn Náttúrufræðingsins er skipuð eftirfarandi fulltrúum:

- Sveinn Kári Valdimarsson, líffræðingur – formaður ritstjórnar
- Guðrún Óskarsdóttir, gróðurvistfræðingur
- Ragnhildur Guðmundsdóttir, líffræðingur
- Ríkey Júlíusdóttir, jarðfræðingur
- Sindri Gíslason, sjávarlíffræðingur
- Tómas Grétar Gunnarsson, dýravistfræðingur
- Þóroddur F. Þóroddsson, jarðfræðingur

Starf ritstjórnar er ómetanlegt og forsenda þess að efni tímaritsins er eins vandað og vel valið og raun ber vitni. Stjórn færir þessu dugmikla fólki bestu þakkir fyrir þeirra mikilvæga framlag og óeigingjarna starf.

VEFÚTGÁFA NÁTTÚRUFRAEÐINGSINS

Snemma árs 2024 var ákveðið að auglýsa tímaritið á sérstakri Facebook-síðu merktri Náttúrufræðingnum. Þetta hefur reynst vel og samkvæmt ritstjóra hefur umferð um vef Náttúrufræðingsins aukist til muna ásamt því að opið samtal um greinar Náttúrufræðingsins hefur kviknað. Því hefur vettvangur skapast fyrir málefnalega umræðu um vísindagreinar á íslensku sem verður að teljast frábær þróun á tímum þegar vísindalæsi almennings er ábótavant. Vissulega eru kommentakerfi internetsins ekki alltaf málefnalegasti völlurinn en stjórn telur mikilvægt að vettvangur sem þessi sé til staðar. Fyrst og fremst er þetta góð leið fyrir stjórn og ritstjóra að auglýsa blaðið og fá yngra fólk inn í félagið. Vefútgáfa Náttúrufræðingsins er sömuleiðis öllum opin á natturufraedingurinn.is og á timarit.is er hægt að nálgast öll eldri eintök Náttúrufræðingsins. Vefútgáfan er mikilvæg viðbót í breyttu samfélagi en stjórn telur að útgáfa á pappír sé enn mikilvæg þrátt fyrir mikla aukningu í kostnaði.

FRÆÐSLUFERÐIR

Þann 13. apríl leiddi HÍN göngu um Grafarvog í samstarfi við Háskóla Íslands og Ferðafélag Íslands. Sérstakt undirfélag FÍ var þar í forgangi en það er Ferðafélag barnanna. Um 100 manns mættu í gönguna og gengið var frá Grafarvogskirkju inn að botni vogsins. Margar tegundir fugla var þar að sjá og sumir þátttakendur sáu tegundir eins og grafönd, urtönd og rauðbrysting í fyrsta sinn. Hópar vaðfugla gáfu gott færi á sér og margar spurningar kviknuðu um far fugla og sérstöðu íslensku fuglafánunar. Ungir og aldnir fengu að munda fjarsjá og hlusta á fræðsluerindi um fuglafánu landsins í góðu vorveðri.

Í maí voru farnar tvær fuglaskoðunarferðir á vegum HÍN; önnur var í Mosfellsbæ og hin í Kópavog. Í Mosfellsbæ var Leiruvogurinn skoðaður en hann er ein af perlum höfuðborgarsvæðisins þar sem margar tegundir fugla halda til yfir veturinn en aðrar sækja heim að sumri eða á fari á leið norður á bóginn. Þar mátti sjá sanderlur í stórum hópum og tjaldar voru að hefja varp við göngustíginn svo eitthvað sé nefnt. Í Kópavogi voru endur, gæsir og máfar skoðaðir í návígi við Kópavogslækinn og þaðan gengið í Kópavoginn sjálfann þar sem vaðfuglar, andfuglar, skarfar og máfar voru skoðaðir með fjarsjá. Sá viðburður var í samstarfi við MEKÓ – menningu í Kópavogi.

Í lok árs 2024 sátu formaður og kynningarstjóri HÍN fund með ferðafélaginu Útivist. Formaður Útivistar sat fundinn ásamt öðrum starfsmanni, Hönnu Guðmundsdóttur. Útivist hafði haft samband við HÍN í ósk um samstarf vegna 50 ára afmælis Útivistar. Þau óskuðu eftir því að nokkrar ferðir yrðu settar upp á árinu þar sem Útivist sæi um auglýsingar og

skipulag ferðar en HÍN myndi bjóða fram leiðsögumenn með sérþekkingu á viðfangsefninu úr röðum félagsfólks. Þetta fyrirkomulag var sett upp og nokkrar ferðir skipulagðar fyrir árið. Í kjölfarið heyrði stjórn HÍN í sérfræðingum úr hópi félagsmanna og þeir tóku vel í að leiða þessar ferðir á árinu 2025.

12. apríl 2025 - Plöntuskoðun í Öskjuhlíð undir leiðsögn Jóhannesar Bjarka Urbancic Tómassonar og Ólafar Patrick Ólafssonar,

3. maí 2025 - Fuglaskoðun í Grafarvogi undir leiðsögn Sölva Rúnars Vignissonar

29. maí 2025 - Ferð um Reykjanesskaga undir leiðsögn Ólafar Ingólfssonar Prófessor Emerítus

25. ágúst 2025 - Sveppaferð undir leiðsögn Jóhannesar Bjarka Urbancic Tómassonar

21. sept 2025 - Hermann Dreki Guls frá Rannsóknasetri HÍ á Suðurnesjum og Lilja Gunnarsdóttir leiða fólk um fjöruna í Gróttu.

FRJÁLS FÉLAGASAMTÖK

Þorgerður M. Þorbjarnardóttir formaður Landverndar mætti á fund stjórnar 8.2.2024 þar sem HÍN er aðildafélag Landverndar. Á fundinum voru félagamál rædd og hvernig mætti styrkja samband félaga og bæta rekstrarumhverfi félagasamtaka. Þorgerður kom með hugmyndir um hvernig HÍN gæti tekið þátt í umsóknum í norræna félagsjóði.

Í verkefnum frjálsra félagasamtaka er af ýmsu að taka. Frjáls félagasamtök kjósa um aðila fyrir hönd félagasamtaka þegar ráðuneyti óskar þess. Þetta getur verið í hinum ýmsu málum en oftast en ekki er þetta tengt umhverfismálum t.d. loftlagsráð. Hópurinn, sem samanstendur af formönnum allra félaga, leitar eftir tilnefningum frá félögunum og kosning á sér stað. Hópurinn er einnig til reiðu þegar ráðuneytið þarf að koma upplýsingum áleiðis og/eða vill ræða breytingar á samstarfssamningi við félögin. Virkni félagsins í málum sem þessum er meðal þeirra atriða sem tekin eru til skoðunar við afgreiðslu styrkumsókna félagsins til stjórnarráðsins. Þetta fyrirkomulag er byggt á samstarfsyfirlýsingu ráðuneytisins og frjálsra félagasamtaka frá [18. maí 2001](#) í samræmi við ákvæði Árósasamningsins frá 1998. Samkvæmt þessu fyrirkomulagi boðar ráðherra til samráðsfundar, kallar eftir tilnefningum frá frjálsum félagasamtökum og veitir styrki til starfsemi þeirra.

Uppbygging NMSÍ hefur tekið mörg ár og loforð pólitíkusa um að koma upp góðu safni fyrir almenning þar sem fróðleik um náttúru Íslands er að finna hafa oft verið innantóm. Því

ákvað HÍN að leggja sitt að mörkum í að láta safnið verða að veruleika. Í aðdraganda kosninga í lok árs 2024 hafði HÍN samband við önnur félög á sviði náttúrufræða og umhverfismála og gerðu þau saman ákall til allra stjórnmálaflokka. Lögðu félögin fyrir alla flokka spurningalista um hvort og hvernig flokkarnir ætluðu að tryggja NMSÍ fjárhagslegt bolmagn til að sinna lögboðinni starfsemi sinni. Svör þeirra flokka sem bárust voru birt og þeir sem ekki sendu inn svör voru listaðir.

Önnur félagastörf formanns voru hefðbundin, og má sem dæmi nefna: samráðsfundi félaga, tilefningu fulltrúa umhverfisverndarsamtaka í stjórn loftlags- og orkusjóðs, tilnefningu fulltrúa félagasamtaka í loftlagsráð, sameiginlegt ákall félagasamtaka um stuðning við samráðsvettvang borgarasamfélagsins á Íslandi í þágu sjálfbærar þróunar, tilnefningu í fjögur svæðisráð Vatnajökulsþjóðgarðs og tilnefningu í nefnd sem velur handhafa Kuðungsins, en það eru verðlaun til fyrirtækja sem þykja hafa staðið sig vel í umhverfismálum.

HÍN veitti framúrskarandi nemendum verðlaun við brautskráningu frá Landbúnaðarháskóla Íslands.

SKÝRSLA FAGHÓPS FLÓRUVINA

Formaður Flóruvina fyrri hluta árs var Gróa Valgerður Ingimundardóttir en á árinu óskaði hún eftir að draga sig í hlé og tók Guðrún Óskarsdóttir við af henni. Í nefndinni sátu auk þeirra Pawel Wasowicz og Björn Hjaltason. Nefndin þakkar Gróu innilega vel unnin formannsstörf.

Facebook-hópur Flóruvina hélt áfram að vaxa á árinu og taldi 4350 meðlimi þegar þetta var ritað (26. október 2025). Fylgjendum Facebook-síðu Flóruvina fjölgaði einnig lítillega og eru nú 593 talsins. Undirsíðu Flóruvina á heimasíðu félagsins (hin.is) var viðhaldið en þar eiga Flóruvinir fréttir og fróðleiksmola sem má skoða sérstaklega með að velja fréttaflokkinn „Flóruvinir“.

Á árinu bar alþjóðlegan dag hinna villtu blóma upp þann 16. júní. Að venju voru haldnar fræðslugöngu í tilefni dagsins og komu Flóruvinir að nokkrum þeirra með einum eða öðrum hætti.

SAMSTARF VIÐ NÁTTÚRUMINJASAFNIÐ

Samstarf HÍN og Náttúruminjasafns Íslands hefur helst snúist um sameiginlega útgáfu á Náttúrufræðingnum. Útgáfa Náttúrufræðingsins hefur verið kostuð til helminga af félaginu og safninu, samkvæmt samningi sem undirritaður var árið 2014.

Margét Rósa Jochumsdóttir hefur verið ritstjóri náttúrufræðingsins frá upphafi árs 2022 og sinnt starfinu af mikilli elju. Hún er jafnframt starfsmaður NMSÍ og sinnir fleiri verkefnum þar.

Samstarf og samskipti við NMSÍ og Margréti hafa verið mjög góð á árinu og er auður í því fyrir félagið að geta leitað til jafn sterks samstarfsfélaga og Náttúruminjasafnsins.

LOKAORÐ

Sjaldan hefur náttúran verið jafn áberandi í fréttum og árið 2024. Náttúrufræðingar voru nánast upp á dag í fréttum, þá sérstaklega vegna umbrota á Reykjanesskaga síðustu mánuði og ár. Því var viðeigandi að fá úrvalsið jarðfræðinga til þess að skrifa grein um jarðhræringarnar á Reykjanesi. Á árinu kom úr stórskemmtileg og fagurlega myndskreytt fræðigrein um eldsumbrotin, auk fjölda annarra eftirminnilegra greina enda voru skrif ársins sérstaklega góð. Fræðsluferðir ársins voru frekar einsleitar þar sem formaður fór fyrir öllum ferðum ársins og snérist þær allar um fugla. Aftur á móti hófst í lok árs spennandi samstarf með Útivist en þar mætast tvö ólík félög sem geta auðgað upplifun félagsmanna beggja með útiveru og fróðleik í bland. Við settum upp dagskrá þar sem fleiri angar náttúrufræðinnar fá að njóta sín. Jarðfræði, fuglafræði, grasafræði, sveppir og fjörur eru dæmi um áherslur í ferðum sem settar voru á blað dagskrá. Fjárhagslega var róðurinn þó þungur þar sem tekjur félagsins frá félagsgjöldum ná ekki yfir útgáfukostnað blaðsins. Þetta gerir stjórn erfitt fyrir og dregur úr orku til annarra mála. Stjórn hefur einsett sér að rétta úr kútnum með því að safna styrkjum hjá fyrirtækjum og einstaklingum, gera drög að auglýsingum í blaðinu og á vef félagsins og í versta falli fækka prentaðri útgáfu niður í eitt stórt blað á ári. Hið síðastnefnda er algert örþrifaráð enda er fátt betra en að setjast niður og lesa glænýjan Náttúrufræðinginn. Við höldum áfram að vinna að því markmiði að auka áhuga og þekkingu almennings á náttúru Íslands en þekking og áhugi leggja grunninn að virðingu og vernd hennar.

f.h. stjórnar

Sölvi Rúnar Vignisson, formaður